

Fundargerð 22. júní 2015

Staðsetning: Guðmundarstofa kl. 15.00

Málsnúmer: 1401008

Mætt: Vilhjálmur Egilsson rektor, Guðmundur Ólafsson fulltrúi kennara, Sigrún Lilja Einarsdóttir fulltrúi kennara, Halla Tinna Arnardóttir fulltrúi starfsmanna, Hallgrímur Tómasson fulltrúi Háskólagáttarnema, Björn Líndal Traustason fulltrúi grunnema, Jóhannes Baldvin Pétursson fulltrúi grunnema, Hallur Jónasson fulltrúi meistaranema, Svanberg Hreinsson varam f. fulltrúa grunnema og Sigrún Jónsdóttir kennslustjóri. Jón Freyr Jóhannsson fulltrúi kennara mætti til fundar kl. 15.40.

Áheyrnarfulltrúar: Ólafur Ísleifsson gæðastjóri og Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri.

Fjarverandi: Guðrún Erna Hafsteinsdóttir fulltrúi grunnema, Anna Elísabet Ólafsdóttir aðstoðarrektor.

Fundargerð ritaði Sigrún Jónsdóttir

Dagskrá

1. **Fundargerð 162. fundar.** Samþykkt.
2. **Öflun nýrra nemenda, umsóknir, innritun**
Rektor fer yfir fjölda umsókna í skólann. Fleiri umsóknir komnar nú í grunnnám en tvö sl. ár. Nokkuð færri umsóknir í meistaranám en í fyrra, en fleiri en 2013. Þó nokkuð færri umsóknir í Háskólagátt en í fyrra. Alls eru þessar umsóknir um 440 núna og æskilegt væri að um 300 – 330 þeirra myndu skila sér í skólann. Verið er að vinna að því hörðum höndum þessa dagana að hafa sem best samskipti við umsækjendur og væntanlega nemendur.
3. **Gæðamál**
Gæðastjóri fer yfir tímalínu gæðaúttektarinnar og samskipti við formann gæðaráðsins varðandi skil úttektarskýrslu og fleira. Hann fjallar m.a. um þær athugasemdir sem komu fram í bréfi til skólans í apríl sl. og í hvaða stöðu hin ýmsu verkefni/atríði eru innan skólans. Beðist hefur verið afsökunar á ferlinu og seinkunum gagnvart skólanum frá hendi gæðaráðsins.
4. **Drög að reglum um ráðningu akademískra starfsmanna**
Gæðastjóri kynnir drög að reglum um ráðningu akademískra starfsmanna sem hann hefur unnið. Þær verða til umfjöllunar í fagráði og koma svo til afgreiðslu í háskólaráði að því loknu. Ljóst er að endurnýja þarf gildandi reglur innan skólans um ráðningar akademískra starfsmanna. Hann fer yfir þann lagaramma sem gildir um ráðningarnar og hvernig regludrögin endurspeglar lagarammann.

5. Endurfjármögnun rekstrar

Fjármálastjóri kynnir hvernig hefur gengið að endursemjja um lán sem skólinn er með, annars vegar við Byggðastofnun og hins vegar við Arion banka. Niðurstöður liggja ekki endanlega fyrir.

6. Stefnumótun vegna sóknarsviða

Rektor kynnir samantekt aðstoðarrektors um stöðuna í dag og hverjar framtíðarhorfur skólans sem var kynnt á hugarflugsfundi akademískra starfsmanna og fleiri 15. júní sl. Rektor telur mikilvægt að vera stöðugt að endurnýja og þróa námsbrautir, stundum er líftími námslína langur en stundum skammur. Á fundinum var m.a. rætt um eftirfarandi námslínur.

- a) Nefnd er að störfum og er að skilgreina hverjar þarfir lögreglunámsins er í raun. Málið er opið, er í skoðun áfram.
- b) Nýsköpunar og frumkvöðlafræði, er mögulega nýtt nám sem gæti hafist haustið 2016.
- c) Alþjóðlegi sumarskólinn 2016 er sömuleiðis mögulegur vaxtabroddur. Í tengslum við hann er m.a. unnið að viðurkenningu skólans í Bandaríkjunum. – HJ spyr um hvort fyririggjandi sé stefna skólans í alþjóðamálum sem birtist t.d. á heimasíðu skólans.

7. Samrekstur háskóla – staða mála

Rektor kynnir að síðasti fundur hefur verið haldinn í verkefnastjórninni og fyrir liggja drög að skýrslu um málið. Unnið er að frágangi skýrslunnar sem verður skilað til ráðherra. BLT og HTA yfirlit fundinn undir þessum lið.

8. Önnur mál

- a) Gæðastjóri bendir á að það komi að því að skýrsla úttektarnefndar muni berast til yfirlstrar í skólanum. Rektor heldur utanum þann feril, en hugsanlega gerist það ekki fyrr en með haustinu.
- b) JBP lýsir ánægju með að upplýsingaflæði til nemenda skólans hefur aukist á þessu ári og vonast til að það haldi áfram í þeim farvegi.

Fundi slitið kl. 16.55.

Fundargerð samþykkt 26. ágúst 2015